

***BORGARRÁÐ 12. mars 2020: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um framtíðaruppbyggingu á umráðasvæði Knattspyrnufélags Reykjavíkur - R20030113***

Hinn 23. janúar 2017 var með erindisbréfi skipaður starfshópur sem annast átti viðræður Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélags Reykjavíkur (KR) og framtíðaruppbyggingu á umráðasvæði félagsins. Meðal helstu verkefna skyldi vera undirbúningur nauðsynlegra deiliskipulagsbreytinga sem byggðar væru á hugmyndum KR um uppbyggingu á annars vegar íþróttamannvirkjum og hins vegar blandaðri byggð umhverfis íþróttasvæðið. Eins var hópnum falið að vinna drög að nýjum samstarfs- og styrkjasamningi milli KR og Reykjavíkurborgar. Hinn 15. desember 2017 undirrituðu borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, og formaður Knattspyrnufélagsins, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, viljayfirlýsingu um að sameiginlega yrði unnið nýtt deiliskipulag fyrir svæðið samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum, sem þegar höfðu verið kynntar umhverfis- og skipulagsráði. Í kjölfarið yrði gengið frá samningi milli aðila um framkvæmdina þar sem fram kæmi áætlaður stofnkostnaður mannvirkja KR, forgangsröðun þeirra og útfærsla, virðisauki vegna aukins byggingaréttar, tímaáætlun fyrir verkefnið og leigusamningur við Reykjavíkurborg á viðkomandi mannvirkjum vegna hverfistengdrar þjónustu. Með hliðsjón af framanrituðu er kallað eftir upplýsingum um (a) stöðuna á deiliskipulagsvinnu fyrir svæðið, (b) með hvaða hætti Reykjavíkurborg hyggst koma að stofnkostnaði mannvirkja á svæðinu og (c) hvaða tímaáætlun borgin vinnur eftir í kjölfar viljayfirlýsingar.